

Miðvikudaginn 19. marz 1947.

Nr. 153/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Sigurði Björgvin Þorsteinssyni

(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl.
Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggva-
sonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Skjalafals. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Björgvin Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. september 1946.

Ár 1946, föstudaginn 20. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2441/1946: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Sigurði Björgvin Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Björgvin Þorsteinssyni sjómanni, Selbycamp 19 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Mýrum í Skriðdal hinn 25. október 1904, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

- 1930 $1\frac{1}{2}\%$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
 1930 $1\frac{3}{4}\%$ Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 4 mánuði (260 kr. skaðabætur í sama máli) fyrir brot gegn bifreiðalögnum.
 1939 $1\frac{1}{4}\%$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Látið falla niður.
 1939 $\frac{3}{8}\%$ Dómur aukaréttar. Sýknaður af ákæru réttvísinnar út af ökuslysi og mannsbana.
 1944 $\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir ölvun í bifreið. Felld niður.
 1945 $1\frac{7}{8}\%$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Felld niður.
 1945 $2\frac{5}{10}\%$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

I.

Ákæra um skjalafals.

Með játningu ákærða er sannað, að hann hafi ritað nöfn annarra manna í heimildarleysi á nokkra víxla, og skulu nú rakin atvik þessara brota.

Hinn 26. júní s. l. leitaði Stefán Jóhannsson bifreiðasali, Nönnugötu 16 hér í bæ, til rannsóknarlögreglunnar og skýrði henni frá því, að fyrir hálfu þriðja ári hefði hann ábekt 5000 króna víxil fyrir ákærða, og hefðu þá verið fyrir á víxlinum nöfn Gísla Stefánssonar vélgæzlumanns, Rauðarárstíg 22 hér í bæ, og Gísla Ólafssonar sjómanns, Freyjugötu 32, s. st. Síðan hefði ákærði framlengt víxil þenna og smátt og smátt greitt af honum, og hafi Stefán ætíð skrifað á framlengingarvíxlana, eftir að hin nöfnin hafi verið á þá komin. Síðasti framlengingarvíxillinn, að upphæð kr. 2500.00, hafi fallið í gjalddaga 25. maí s. l., þá eign Landsbanka Íslands, og hafi ákærði eigi greitt hann og Stefán því orðið að greiða hann eftir kröfu bankans. Síðar fékk hann upplýsingar um, að nöfn Gísla Stefánssonar og Gísla Ólafssonar mundu vera fölsuð á víxlinum, og varð það til þess, að hann leitaði til yfirvalda með málið.

Ákærði hefur játað að hafa í heimildarleysi ritað nöfn þessara manna, sem hann þekkti báða nokkuð, á víxlinum. Gísli Stefánsson hafði upphaflega verið útgefandi víxilsins, og hafði hann ritað nafn sitt á alla framlengingarvíxlana, nema þenna. Hafði ákærði ekki á það minnst við hann, að hann yrði útgefandi þessa víxils.

Ákærði fullyrðir, að nafn Gísla Ólafssonar hafi ekki verið upphaflega á víxlinum né fyrstu framlengingarvíxlunum, en viðurkennir að hafa í algeru heimildarleysi ritað nafn hans á síðasta framlengingarvíxlinum og næsta framlengingarvíxil þar á undan og ef til vill fleiri framlengingarvíxla. Stefán kveðst ekki muna betur en nafn Gísla Ólafssonar hafi verið á öllum víxlunum, en eigi er gegn skýrslu ákærða sannað, að svo hafi verið.

Á síðastliðnum vetri keypti ákærði fólksflutningabifreiðina R 3392 af Guðmundi Guðjónssyni, Karlagötu 21 hér í bæ, fyrir kr. 17000.00 og greiddi andvirði hennar með vixli, útgefnum 18. febrúar s. l., en hann féll í gjalddaga 18. maí s. l. Á vixil þenna ritaði ákærði i heimildarleysi nafn nefnds Gísla Stefánssonar sem útgefanda og nafn Gunnars Björns Halldórssonar, Bergþórugötu 27 hér í bæ, kunningja sins, sem ábekings. Guðmundur seldi Útvegsbanka Íslands h/f vixil þenna. Ákærði greiddi eigi vixilinn á gjalddaga, og hlaut Guðmundur þá að innleysa hann. Síðan var þeim, sem á vixilinn voru ritaðir, stefnt til greiðslu hans, en við fyrirtöku málsins tjáðu Gísli og Gunnar málflytjanda Guðmundar, að nöfn þeirra væru fölsuð á vixlinum, og var þá málið fellt niður gegn þeim. Guðmundur hafði 1. veðrétt í bifreiðinni fyrir vixilskuldinni, en þegar rannsókn málsins stóð yfir var eigi útkljáð, hvernig þessi skuldaskipti ákærða og Guðmundar yrðu leyst.

Á báðum þeim vixlum, sem nú hafa verið nefndir, var ákærði samþykkjandi.

Á síðastliðnu vori hafði Björn Ólafs, lögfræðingur hér í bæ, til innheimtu tvo vixla, sem ákærði var samþykkjandi á.

Annar þeirra vixla, en Sigurjón Jónsson bankagjaldkeri, Ingóllfsstræti 3, átti hann, var að upphæð kr. 5700.00. Á honum var Gísli Jakobsson bakari, Njarðargötu 5 hér í bæ, útgefandi, en nafn áður-nefnds Gísla Stefánssonar var ritað aftan á vixilinn og var ritað í heimildarleysi af ákærða. Þessi vixill er þannig til kominn, að ákærði og Gísli Jakobsson voru í 15 þúsund króna vixilábyrgð fyrir Ragnar nokkurn Steingrímsson. Vixillinn féll á þá, og greiddu þeir hann með peningum og tveimur 5700 króna vixlum, og var ákærði samþykkjandi og Gísli útgefandi annars, en Gísli samþykkjandi og ákærði útgefandi hins. Þegar ákærði vildi greiða umboðsmanni vixil-eiganda með hinum fyrrnefnda þessara vixla, var krafizt meiri ábyrgðar að vixilskuldinni. Kveðst ákærði þá nokkru síðar hafa drukinn ritað nafn Gísla Stefánssonar á vixilinn í heimildarleysi.

Hinn vixillinn, sem Gestur Guðmundsson kaupmaður, Laugavegi 49 A hér í bæ, átti, var að upphæð kr. 2000.00. Á honum var áður-nefndur Gunnar Halldórsson útgefandi, en áður-nefndur Gísli Stefánsson ábekingur. Þessi nöfn hafði ákærði ritað á vixilinn í heimildarleysi. Þessi vixill var annar framlengingarvixill upphaflegs 3000 króna vixils, sem ákærði seldi Gestu laust eftir síðustu áramót, og voru á honum og fyrri framlengingarvixlinum hin sömu nöfn. Á alla þessa vixla ritaði ákærði nöfn Gunnars og Gísla í heimildarleysi.

Báða þá vixla, sem til innheimtu voru hjá Birni Ólafs lögfræðingi, greiddi Jóhann Kr. Ólafsson, Hringbraut 32 hér í bæ, í þeirri von, að eigi kæmi þá til kæru á hendur ákærða um skjalafals. Í sama skyni greiddi hann 3500 króna vixil í Útvegsbanka Íslands h/f,

sem ákærði hafði falsað nöfn nefnds Gunnars og nefnds Gísla Stefánssonar á. Vixill þessi er nú eyðilagður og sömuleiðis báðir fyrri vixlar Gests Guðmundssonar og upphaflegi vixillinn, sem Stefán Jóhannsson ábætti, og allir framlengingarvixlar þess vixils, nema sá síðasti, er Stefán greiddi. Eigi verður séð, að ákærði hafi reynt að líkja eftir rithöndum Gísla Ólafssonar, Gísla Stefánssonar eða Gunnars Halldórssonar, er hann hefur ritað nöfn þeirra á þá vixla, er fyrir liggja.

Áðurnefndur 5700 króna vixill var til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands. Ákærði hefur játað að hafa lagt inn í bankann til framlengingar þessum vixli annan vixil nokkru lægri með fölsuðu nafni Gísla Stefánssonar á. Vixil þenna segir hann bankann ekki hafa viljað kaupa, og var hann þar með úr sögunni.

Framangreind brot ákærða, sem hann kveðst hafa framið vegna fjárhagsvandræða og til að forða sér frá gjaldþroti, varða við 155. gr. 1. mgr. hegningarlaganna.

II.

Ákæra um áfengis- og bifreiðalagabrot.

Með játningu ákærða er sannað, að hann ók bifreið sinni R 3259 hér um götur bæjarins að kvöldi 7. marz s. l. og var þá undir áhrifum áfengis.

Varðar það hann refsingu samkvæmt 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 23. gr. 1. mgr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Niðurlag.

III.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða fyrir framannefnd brot hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Meðan á rannsókn málsins stóð, var ákærði í gæzluvarðhaldi dagana 26. júní til 2. júlí s. l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir eiga að ákveða, að gæzluvarðhald þetta komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykir verða samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 21. gr. áfengislaganna sbr. 39. gr. sömu laga og 68. gr. hegningarlaganna að svipta ákærða ævilangt rétti til að aka bifreið.

Stefán Jóhannsson bifreiðasali, Nönnugötu 16, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér upphæð framangreinds vixils, þess er Stefán greiddi, kr. 2500.00, auk afsagnarkostnaðar, kr. 18.10, alls kr. 2518.10. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt, og verður hún tekin til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannssonar, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Björgvin Þorsteinsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæzluvarðhald hans komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og enn fremur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði Stefáni Jóhannssyni kr. 2518.10 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 25. marz 1947.

Nr. 159/1945. **Meyvant Sigurðsson** (Hrl. Gunnar J. Möller)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl.
Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggva-
sonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um öflun gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta málinu og veita aðiljum kost á að afla frekari gagna.

1. Rétt er, að Ríkharður Meyvantsson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni R 1173, verði kvaddur fyrir dóm og látinn gefa ýtarlega skýrslu um aðdraganda slyss þess, sem í málinu greinir. Æskilegt er, að farið sé með honum yfir skýrslu þá, er hann gaf fyrir lögreglunni 16. ágúst 1943, og honum bent á, að sum atriði í skýrslunni fái ekki staðizt. Hann segir þar, að hann hafi gefið hljóðmerki, er hann átti eftir ca. 2 m ófarna að herbifreiðinni, en er bifreið hans hafi verið á móts við afturenda hennar, hafi herbifreiðin þverbeygt snögglega til hægri í veg fyrir hann, og árekstur þá orðið með þeim hætti, að vinstra frambretti R 1173 hafi lent á hægri aftur-